

„En þar sem þér segið að hið óvænta komi oftast fyrir, þá játið þér með því, að mögulegt sé, að það geti skeð sem engum gat dottið í hug, og þess vegna er ómögulegt að varast“, sagði sá er byrjað hafði talið.

„Það er alveg satt, eins og hlutunum er nú varið“, sagði hinn. „En tókum burt nauðsynina sem rekur glæpamanninn áfram, og gerum blátt áfram úr honum vísindamann, er leggur glæpi fyrir sig sem list! Til að byrja með, þá mundi sá maður vera við fleiri óhöppum búinn, og svo mundi hann vita hvernig bezt væri að snúa sér, þegar einhver óvænt hættu bæri að höndum, á meðan hann væri að drygja glæpsinn. Til dæmis—fyrirgefið sjálfstraustið—ef ég skyldi reyna að drygja glæp, þá mundi ég geta komist hjá að verða uppvis að honum“.

„Ég ímynda mér, sökum reynsluleysis yðar sem glæpamaður, að þér munduð verða eltur uppi—jæja, hér um bil jafn fljótt og þessi maður Pettingill“, sagði sá er byrjað hafði talið. „Þetta var fyrsti glæpur hans, eins og þér vitið“.

„Vilduð þér veðja nokkru um það?“ sagði hinn. Þessi spurning gerði Mr. Barnes reglulega forviða, því hann skildi strax hvað maðurinn var að fara, þótt félagi hans gripi það ekki alveg strax. Mr. Barnes beið því óþreyjufullur eftir svarinu.

„Ég skil yður ekki“, sagði sá er byrjað hafði talið. „Veðja um hvað?“

„Þér sögðuð, að ef ég skyldi drygja glæp, þá